

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Á grundvelli samþykktar nr. 29/1995 um hundahald í Blönduóssbæ, með áorðnum breytingum, skal árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Blönduóssbæ vera kr. 10.000. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 6. gr. samþykktar um hundahald í Blönduóssbæ, skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, en hækkar í kr. 6.500 ef til handsömunar kemur öðru sinni. Að auki skal greiða þann kostnað sem til verður vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af bæjarstjórn Blönduóss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Blönduósi, nr. 29/1995, með síðari breytingum, og tekur nú þegar gildi.

Blönduósi, 26. febrúar 2002.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunnjald vegna sorphirðu, kr. 7.500, árgjald sem grundvallað er á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili. Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar.

Gjaldendum er skipt í flokkka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlað magn úrgangs frá hverju fyrirtæki og/eða starfsstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

a. kr. 4.500. Urðað magn (áætlað) að 12 m³ á ári.

b. kr. 13.500. Urðað magn (áætlað) frá 12 m³ að 48 m³ á ári.

c. kr. 54.000. Urðað magn (áætlað) frá 48 m³ á ári.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt eftir sömu reglum og gilda um innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Blönduóss á grundvelli 25. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 907/1999 vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

Blönduósi, 26. febrúar 2002.

Skúli Þórðarson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

tjaldsvæða í þjóðgörðum.

1. gr.

Eftirfarandi gjöld verða tekin á árinu 2002 fyrir tjaldstæði og tengda þjónustu í þjóðgörðum og er virðisaukaskattur innifalinn:

1. Gisting kr. 600 á nótt á mann.
2. 5. nótt ókeypis og síðan önnur hver nótt.
3. Örorku- og ellilífeyrisþegar fá ókeypis gistingu.
4. Börn innan 16 ára í fylgd með fullorðnum (fjölskylduferð) gista ókeypis.
5. Börn innan 16 ára í hópferð undir stjórn fullorðinna greiða kr. 250 á nótt.
6. Sturtugjald kr. 100 skiptið.
7. Tjaldleiga kr. 1.000 á dag.
8. Veittur er hópafsláttur vegna gistingar sem hér segir:
 - 100 nætur = > 10% afsláttur.
 - 200 nætur = > 15% afsláttur.
 - 300 nætur = > 20% afsláttur.
 - 400 nætur = > 5% afsláttur.

2. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 32. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 til að gilda á árinu 2002.

Umhverfissráðuneytinu, 25. febrúar 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Þórður H. Ólafsson.